



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8. apríl 2024

2404004SA VRB  
Málalykill: oo.63

### Efni: Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga, 867. mál

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndarsviði Alþingis, dags. 25. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins vegna frumvarps til sóttvarnalaga, 867. mál.

#### Almennt um frumvarpið

Í fyrirbyggjandi frumvarpi kemur fram að talin hafi verið þörf á heildarendurskoðun á ákvæðum sóttvarnalaga, einna helst á þeim ákvæðum sem fjalla um stjórnslu sóttvarna og opinberar sóttvarnaráðstafanir m.a. vegna þeirrar reynslu sem fengist hefur hér á landi vegna heimsfaraldurs SARS-CoV-2-veirunnar.

Frumvarpið var flutt á bæði 152. og 153. löggafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Er frumvarpið nú lagt fram í þriðja sinn með minniháttar breytingum. Af gefnu tilefni skal bent á að sambandið gerði [umsögn](#) við drög að frumvarpi til sóttvarnalaga þegar það var birt í samráðsgátt stjórnvalda og skilaði umsögnum þegar málið var til umfjöllunar á fyrri þingum. Vísar sambandið til fyrri umsagna ásamt því að áréttta eftirfarandi atriði.

#### Nánar um afstöðu sambandsins

Í fyrsta lagi bendir sambandið á, ekki síst í ljósi umfjöllunar í 6. kafla skýringa með frumvarpinu, að frumvarpið var ekki kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum. Telja sveitarfélög ekki útilokað að lagafrumvarpið komi til með að hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. fyrri umsagnir sambandsins.

Í öðru lagi leyfir sambandið sér að áréttta þau álitaefni sem sett voru fram í fyrri umsögnum og varða sjónarmið um hvaða kostnaður falli undir ákvæði 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu kemur fram að kostnaður sem hlýst af framkvæmd laganna skuli greiddur úr ríkissjóði. Að áliti sambandsins er óljóst um umfang þeirra áhrifa sem fyrirbyggjandi frumvarp kann í raun að hafa á starfsemi sveitarfélaga og þá einnig m.t.t. kostnaðar. Í almennum athugasemdum við frumvarið kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Þá er ráðuneytinu ekki kunnugt um að skólastjórnendum sveitarfélaga hafi verið falið á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, að rekja smit í skólum. Smitrakingarteymi almannaþinganna hefur vissulega verið falið að rekja smit á grundvelli ákvæðisins og fengið sér til aðstoðar stjórnendur í stofnunum og*

fyrirtækjum til að upplýsa um samgang fólks þegar rekja á smit á grundvelli almannahagsmuna“

Þrátt fyrir framangreinda afstöðu ráðuneytisins bendir sambandið á að óhjákvæmilegur þáttur í smitrakningu er samstarf við skólastjórnendur, með tilheyrandi kostnaði og auknu vinnuálagi á lykilstjórnendur. Skal í þessu sambandi minnt á orð sóttvarnarlæknis í grein hans, dags. 18. nóvember 2021, sem birt var á covid.is, þar sem eftirfarandi kemur fram:

„Í núverandi bylgju faraldurs COVID-19 hafa smit í skólum spilað stórt hlutverk í útbreiðslu smita í samfélaginu og rakning innan skólanna verið þýðingarmikil. Til að rakningin skili árangri er samstarf við skólastjórnendur mikilvægt því einungis skólastjórnendur þekkja aðstæður og hafa aðgang að viðveru- og nemendalistum.“  
Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar þegar tekin er ákvörðun um sóttkví. Því má líta svo á að samstarf skólastjórnenda og rakningateymis falli undir nauðsynlega gagnaöflun skv. sóttvarnalögum fyrir sóttvarnalækni til að framfylgja sinni lagalegu skyldu (undirstr. höf.).

Ummæli sóttvarnarlæknis um að samstarfið við skólastjórnendur hafi verið nauðsynlegt til að hann gæti fylgt sinni lagalegu skyldu, er varla hægt að túlka öðruvísi en svo að sá kostnaður sem hlýst af þeirri vinnu falli undir að vera „kostnaður sem hlýst af framkvæmd laganna“ og eigi þar með að greiðast úr ríkissjóði, sbr. 39. gr. frumvarpsins. Er þess vinsamlega farið á leit að þingnefndin taki þetta álitaefni sérstaklega til skoðunar.

### Niðurlag

Með vísan til framangreinds veldur það vonbrigðum, nú þegar frumvarpið er lagt fram á Alþingi í þriðja sinn, að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða sambandsins um þörf á skýrari umfjöllun um hvaða kostnaður falli undir kostnað ríkissjóðs vegna framkvæmdar laganna. Leggur sambandið áherslu á að fá fund með þingnefndinni til að fara yfir fyrrgreind sjónarmið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Valgerður Rún Ben.*

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur